

Íslenska 9. bekkur

Hæfniviðmiðum í íslensku er skipt í nokkra flokka. Þau eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun, málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið

að nemandi:

- geti flutt máls sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,
- geti gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,
- geti nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar og með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,
- geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,
- geti nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,
- geti átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Kennsluhættir

Viðburðir: Spurningakeppni unglíngastigs, ræðukeppni 9.-10. bekkjar

Farið er yfir atriði sem skipta máli við framsögn eins og líkamsstöðu og raddbeitingu. Nemendur fá reglulega tækifæri til að lesa upphátt og flytja fjölbreyttan texta og ýmis verkefni fyrir samnemendur sína. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og hlusta af athygli og bera virðingu fyrir þeim sem flytja mál sitt. Þegar nemendur hafa flutt verkefni í kennslustund fá þeir ýmist viðbrögð við flutningi sínum frá samnemendum sínum (jafningamat) þar sem nemendur meta hver annan eða nemendur fá leiðbeinandi mat frá kennara eða að þeir meta sig sjálfir (sjálfsmat).

Námsmat

Framsagnarpróf er lagt fyrir þá nemendur sem hafa náð 200 atkvæðum á mínútu í janúar og maí. Nemendur fá einkunn fyrir framsagnarpróf og er vægi þess 100%. Fyrir frammistöðu og vinnusemi í kennslustundum fá nemendur leiðbeinandi skriflega umsögn.

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið

að nemandi:

- geti lesið 375 atkv. í lok 9. bekkjar,
- geti lesið almennta texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað,

- geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,
- geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða,
- geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir þv,.
- geti lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,
- geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorn og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð,
- geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,
- geti leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,
- geti unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér,
- geti valið sér lesefni gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Kennsluhættir

Viðburðir: Spurningakeppni unglíngastigs, Lestraráttak einu sinni á önn í samstarfi við Bókasafn Grindavíkur og fleiri aðila. Til að efla lesskilning nemenda er unnið markvisst með gagnvirkan lestur. Áhersla er lögð á að nemendur lesi daglega heima til að auka lestrarhraða og eru nemendur hvattir til að lesa sér til fróðleiks og ánægju. Unnið er á fjölbreyttan hátt með orð og orðaforða og stuðst verður við hugmyndir úr íslenskuverkefninu Orð af orði. Nemendur vinna ýmis lesskilningsverkefni og æfa sig í að lesa upphátt fyrir aðra. Einnig vinna þeir einstaklingslega, í þörum eða í hópvinnu. Lestraráttak verður a.m.k. tvisvar á skólaárinu.

Námsmat

Hraðlestrarpróf verða lögð fyrir a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu og oftast hjá þeim sem hafa ekki náð tilskyldum lestrarhraða. LOGOS skimun í september. Orðarún og orðalykill lagt fyrir að hausti. Lesskilningspróf lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, tvisvar sinnum fyrir utan Orðarún.

Ritun

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær
- geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar

- geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun,
- geti beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,
- geti valið og skrifað mismunandi textagerðir sem gæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,
- geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,
- geti skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann,
- þekki og nýti sér eftirfarandi stafsetningareglur:
 - þekki og geti notað regluna um n/nn,
 - þekki og geti notað regluna um stóran staf,
 - þekki og geti notað regluna um lítinn staf,
 - þekki og geti notað regluna um sérhljóða á undan ng/nk,
 - þekki greinmerkin punktur, komma, upphrópunarmerki, spurningarmerki, tvípunktur og gæsalappir og geti notað þau rétt,
 - þekki regluna um skammstafanir og geti notað hana rétt,
 - þekki og geti notað regluna um n/nn endingu lýsingarorða, fornafna og sagnorða,
 - þekki og geti notað regluna um -an endingu lýsingarorða,
 - þekki og geti notað regluna um -unn endingu í kvenmannsnöfnum og fjórum kvenkynsorðum,
 - þekki og geti notað regluna um n/nn í karlmannsnöfnum og öðrum karlkynsorðum,
 - þekki og geti notað regluna um einfaldan og tvöfaldan samhljóða í aukaföllum karlkynsnafnorða og karlmannsnafna sem enda á -ll eða -llur,
 - þekki og geti notað regluna um tvöfaldan samhljóða í sagnorðum,
 - þekki og geti notað regluna um stafavíxl í sagnorðum,
 - þekki og geti notað regluna um einfaldan og tvöfaldan samhljóða í lýsingarorðum,
 - þekki og geti notað regluna um y/ý/ey/au,
 - þekki og geti notað regluna um -j í endingu orða,
 - geti skrifað eftir upplestri.

Kennsluhættir

Viðburðir: Ritunarsamkeppni Má taka upp stuttmynd ef handriti er skilað.

Notast verður við kennsluaðferðir frá Orð af orði. Mikil áhersla er lögð á góð vinnubrögð og vandvirkni ásamt því að nemendur noti þær stafsetningarreglur sem þeir hafa lært.

Námsmat

Nemendur fá skriflega umsögn um ritunarverkefni sín þar sem fram kemur hvað gekk vel og hvað þarf að gera betur. Stafsetningarpróf í janúar og maí

Málfræði

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,
- geti valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,
- geti flett upp í handbókum, orðasöfnun og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,
- geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,
- geti notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sit tog gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta í þessu skyni,
- geti gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna,
- geti áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífelld,
- geti áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a.a við ritun, tal við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,
- geti gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri við nám í erlendum tungumálum,
- kunnir eftirfarandi málfræðireglur og geti yfirfært þær á aðra þætti námsins:
 - kunnir stafrófið,
 - þekki nafnorð og geti greint þau frá öðrum orðum,
 - þekki sérnöfn og samnöfn,
 - þekki eintölu og fleirtölu nafnorða,
 - þekki og geti greint kyn nafnorða,
 - þekki greini nafnorða og geti bætt greini við nafnorð,
 - þekki stofn nafnorða,
 - geti fallbeygt nafnorð með og án greinis,
 - þekki kenniföll nafnorða,
 - þekki sterka og veika beygingu nafnorða,
 - geti fallbeygt lýsingarorð með nafnorðum,
 - þekki sagnorð og geti greint þau frá öðrum orðum,
 - þekki nútíð og þátíð sagna,
 - þekki stofn sagnorða,
 - þekki hætti sagnaorða,
 - þekki myndir sagnorða,
 - þekki kennimyndir sagnorða,
 - þekki veika, sterka og blandaða beygingu sagnorða,
 - þekki lýsingarorð og geti greint þau frá öðrum orðum,
 - geti stigbreytt lýsingarorð,

Skólanámskrá – Námsvísir – Elsta stig

- geti fundið stofn lýsingarorða,
- geti fallbeygt lýsingarorð,
- þekki alla undirflokkana fornafnanna (ÁSAPÓE),
- þekki smáorð (atviksorð, forsetningar, nafnháttamerki, samtengingar, upphrópanir),
- þekki frumlag, andlag, umsögn, sagnfyllingu, forsetningarlið, atvikslið, tengilið, einkunn,
- þekki viðskeyti, forskeyti, rót og beygingarendingu nafnorða,
- þekki beina og óbeina ræðu.

Kennsluhættir

Viðburðir: Stafsetningakeppni

Nemendur fá tækifæri til að leika sér með málið á fjölbreyttan hátt með spilum, krossgátum, þrautum og orðaleikjum. Einnig verður stuðst við hugmyndir úr íslenskuverkefninu Orð af orði.